

The logo for VÍS, consisting of the letters 'VÍS' in a white, sans-serif font on a red rectangular background.

VÍS

A photograph of a woman with dark curly hair, wearing a yellow and white striped shirt, sitting on a yellow sofa and reading a book to a young child. The child is wearing a white dress with a yellow lemon pattern. The background is a clear blue sky.

Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn **árshlutareikningur samstæðu**

1. janúar - 30. september 2020

Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu

1. janúar - 30. september 2020

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2-3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjáryfirlit	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8-13

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuarshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. ("félagið" eða "VÍS") fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuarshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess Líftryggingafélags Íslands hf., sem vísað er til í heild sinni sem "samstæðunnar".

Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam tap samstæðunnar á tímabilinu 15 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 54.379 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 15.179 milljón króna.

Samsett hlutfall tímabilsins var 108%, tjónahlutfall var 84,3% og rekstrarkostnaðarhlutfall var 21,6%. Ávöxtun fjáreigna var 6,9%.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 19. mars. Á fundinum var ný stjórn kosin. Í aðalstjórn voru kosin Valdimar Svavarsson, stjórnarformaður, Vilhjálmur Egilsson, varaformaður stjórnar, Guðný Hansdóttir, Marta Guðrún Blöndal og Stefán Héðinn Stefánsson. Sveinn Friðrik Sveinsson og Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir voru kosin í varastjórn félagsins.

Fjármálaeftirlitið sendi frá sér leiðbeinandi tilmæli um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum tryggingarfélaganna (nr. 1/2020). VÍS hefur innleitt þessi tilmæli og er árshlutareikningurinn settur upp í samræmi við þau og hafa þær skýringar sem við eiga í árshlutareikningi verið aðlagðar að þeim. Nánari útlitun er að finna í skýringu 2. Matsbreytingar síðustu ára hafa viðvarandi verið neikvæðar, sér í lagi í líkamstjónum ökutækja. Til að lágmarka neikvæða matsþróun til framtíðar hefur félagið aðlagð aðferðafræði við mat á tjónaskuld og styrkt hana um 700 milljónir króna yfir tímabilið.

Félagið hefur nú uppfært afkomuspá sem gerir ráð fyrir því að samsett hlutfall fyrir árið 2020 verði 105,5%, ávöxtun fjáreigna verði 8,2% og hagnaður fyrir skatta 390 milljónir. Afkomuspá til næstu 12 mánaða gerir ráð fyrir 96,8% samsettu hlutfalli, 5,6% ávöxtun fjáreigna og hagnaði fyrir skatta uppá rúmlega 2,3 milljarða króna.

Útbreiðsla Covid-19 hefur haft umtalsverð áhrif á efnahagsumhverfið, enn er óvíst hversu lengi þeirra mun gæta. Til að bregðast við ástandinu afturkallaði stjórn félagsins tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu og ekki var greiddur út arður vegna ársins 2019. Félagið varð fyrir nokkrum beinum áhrifum þar sem aðilar í ferðaþjónustu og tengdum greinum, eins og til dæmis bílaleigur drógu saman seglin og fækkuðu tryggingum sem voru í gildi. Þegar líða fór á sumarið tók þessi starfsemi aftur við sér og viðskiptin fóru aftur að glæðast. Iðgjöld uxu þó ekki eins og spá gerði ráð fyrir en á móti varð fækkun líkamstjóna í ökutækjatrýggingum í fjórðungnum sem vegur á móti. Félagið bauð viðskiptavinum sem lentu í vanda vegna Covid-19 upp á úrræði til frestunar á greiðslum. Tiltölulega lítill hluti viðskiptavina nýtti sér það og heimtur hafa verið góðar í kjölfarið. Tekið hefur verið tillit til þessarar óvissu við mat á viðskiptakröfum. Hver þróunin verður á næstu mánuðum mun skera úr um hver endanleg áhrif verða en ljóst er að óvissa er um framhaldið. Fjárhagsstaða félagsins er eftir sem áður mjög sterk og félagið vel í stakk búíð til að mæta þessari óvissu.

Hlutfé og ráðstöfun hagnaðar

Skráð hlutfé félagsins nam í lok tímabilsins 1.894 milljónum króna, og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hluthafar félagsins voru 731 í lok tímabilsins en voru 625 í ársbyrjun. Um 61% (59% 2F) hluta eru í eigu lífeyrissjóða, 13% (14% 2F) í eigu annarra lögaðila, 11% (11% 2F) í eigu banka, 8% (8% 2F) í eigu einstaklinga og 7% (8% 2F) í eigu innlendra sjóða.

Stjórn félagsins afturkallaði tillögu stjórnar til aðalfundar um arðgreiðslu. Bodað var til framhaldsaðalfundar 29. apríl og tillaga stjórnar um að ekki verði greiddur út arður vegna ársins 2019 var samþykkt.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2020 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. september 2020. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. október 2020

Í stjórn

Valdimar Svavarsson
stjórnarformaður

Vilhjálmur Egilsson
varaformaður

Marta Guðrún Blöndal

Stefán Héðinn Stefánsson

Guðný Hansdóttir

Forstjóri

Helgi Bjarnason

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2020

	Skýr.	3F 2020	3F 2019 *	9M 2020	9M 2019 *
Iðgjöld tímabilsins		5.735.362	6.084.854	16.933.689	17.274.369
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(148.860)	(237.960)	(546.765)	(629.363)
Eigin iðgjöld	6	5.586.502	5.846.894	16.386.924	16.645.006
Vaxtatekjur	7	144.405	155.205	447.857	505.220
Gengismunur gjaldmiðla		43.998	(93.859)	338.248	117.322
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	7	921.583	(298.474)	1.774.209	1.940.809
Fjárfestingatekjur		1.109.986	(237.128)	2.560.314	2.563.351
Aðrar tekjur		19.114	33.041	45.929	72.397
Heildartekjur		6.715.602	5.642.807	18.993.167	19.280.754
Tjón tímabilsins		(4.228.098)	(4.847.632)	(14.266.045)	(12.815.028)
Hluti endurtryggjenda í tjónum		34.458	297.180	179.082	426.164
Eigin tjón	8	(4.193.640)	(4.550.451)	(14.086.963)	(12.388.864)
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar		(83.298)	(17.233)	(732.555)	(279.739)
Rekstrarkostnaður		(1.175.550)	(1.422.134)	(3.966.824)	(4.257.256)
Vaxtagjöld		(76.607)	(59.613)	(213.206)	(198.282)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna		(34.644)	(13.038)	(80.791)	(69.238)
Heildargjöld		(5.563.739)	(6.062.469)	(19.080.339)	(17.193.379)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		1.151.863	(419.662)	(87.172)	2.087.376
Tekjuskattur	9	(119.673)	26.011	72.574	(289.141)
(Tap) hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		1.032.190	(393.650)	(14.598)	1.798.236
(Tap) hagnaður á hlut:					
(Tap) hagnaður og þynntur hagnaður á hlut		0,58	(0,26)	(0,01)	0,94

* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 2.

Skýringar á blaðsíðum 9-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árs hlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 30. september 2020

	Skýr	30.9.2020	31.12.2019
Eignir			
Rekstrarfjármunir		597.929	670.012
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir		1.489.942	1.359.765
Húsaleiguréttindi		824.484	898.732
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	10	37.588.763	32.338.411
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	10	1.274.115	1.843.088
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka		1.663.213	1.529.980
Viðskiptakröfur		8.112.627	7.423.839
Endurtryggingaeignir		969.718	1.074.187
Aðrar kröfur		1.199.344	1.286.148
Handbært fé		659.291	1.929.851
Eignir samtals		<u>54.379.426</u>	<u>50.354.013</u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.894.462	1.894.462
Lögbundinn varasjóður		625.620	625.620
Bundið eigið fé		4.574.595	2.792.537
Óráðstafað eigið fé		8.084.651	9.881.307
Eigið fé samtals		<u>15.179.329</u>	<u>15.193.926</u>
Skuldir			
Víkjandi skuldabréf	12	2.824.006	2.788.430
Tekjuskattsskuldbinding		63.078	135.652
Húsaleiguskuldbinding		854.422	917.385
Vátryggingaskuld	13	31.184.977	27.576.704
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka		1.663.213	1.529.980
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		2.610.402	2.211.936
Skuldir samtals		<u>39.200.097</u>	<u>35.160.087</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>54.379.426</u>	<u>50.354.013</u>

Skýringar á blaðsíðum 9-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Eiginfjárfirlit 1. janúar - 30. september 2020

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2019					
Eigið fé 1.1.2019	1.910.042	625.620	1.834.834	10.539.857	14.910.354
Greiddur arður 1,07 kr. á hlut				(2.043.745)	(2.043.745)
Keyptir eigin hlutir	(15.580)			(184.353)	(199.933)
Heildarhagnaður tímabilsins				1.798.236	1.798.236
Bundið eigið fé vegna verðbréfa			710.866	(710.866)	0
Eigið fé 30.9.2019	<u>1.894.462</u>	<u>625.620</u>	<u>2.545.700</u>	<u>9.399.129</u>	<u>14.464.911</u>
2020					
Eigið fé 1.1.2020	1.894.462	625.620	2.792.537	9.881.307	15.193.926
Tap tímabilsins				(14.598)	(14.598)
Bundið eigið fé vegna verðbréfa			1.782.058	(1.782.058)	0
Eigið fé 30.9.2020	<u>1.894.462</u>	<u>625.620</u>	<u>4.574.595</u>	<u>8.084.651</u>	<u>15.179.329</u>

Skýringar á blaðsíðum 9-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2020

	Skýr.	9M 2020	9M 2019 *
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) heildarhagnaður tímabilsins		(14.598)	1.798.236
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(572.899)	(424.260)
Gangvirðisbreyting fjáreigna		(1.774.209)	(1.940.809)
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		(1.176)	(16.303)
Afskriftir		431.597	361.457
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Fjáreignir, breyting		(3.382.923)	1.150.012
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, breyting		568.973	471.777
Viðskiptakröfur, breyting		(688.788)	(1.589.304)
Endurtryggingaeignir, breyting		104.469	(316.143)
Aðrar eignir, breyting		(6.416)	395.225
Tekjuskattskuldbinding, breyting		(72.574)	44.095
Vátryggingaskuld, breyting		3.608.272	2.667.376
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting		398.466	370.197
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		(1.401.805)	2.971.558
Innborgaðar fjármunatekjur		779.751	638.002
Greidd fjármagnsgjöld		(177.631)	(177.335)
Handbært fé frá rekstri		(799.685)	3.432.225
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir rekstrarfjármunir		(62.276)	(55.675)
Sala rekstrarfjármuna		8.770	19.708
Keyptar óefnislegar eignir		(337.812)	(352.866)
		(391.318)	(388.833)
Fjármögnunarhreyfingar			
Keyptir eigin hlutir		0	(199.933)
Greiddur arður		0	(2.043.745)
Höfuðstóls afborganir húsaleiguskuldar		(85.911)	(80.180)
		(85.911)	(2.323.859)
Hækkun handbærs fjár		(1.276.914)	719.533
Handbært fé í upphafi árs		1.929.851	1.263.108
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		6.354	(15.460)
Handbært fé í lok tímabilsins		659.291	1.967.182

* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 2.

Skýringar

1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífis). Samstæðan starfar á sviði skaðatrygginga, líftrygginga og fjármála. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samstæðunnar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuarshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning hennar fyrir árið 2019.

Þann 17. mars 2020 sendi fjármálaeftirlitið frá sér leiðbeinandi tilmæli um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum tryggingarfélaganna (nr. 1/2020). VÍS hefur þegar innleitt þessi tilmæli og er árshlutareikningurinn settur fram í samræmi við þau. Samanburðartölum fyrir 2019 hefur verið breytt þannig að iðgjöld tímabilsins lækkuðu um 27 milljónir króna, tjón tímabilsins lækkuðu um 345 milljónir, breyting á áhættuálagi 38 milljónir er ekki lengur sérgreint, heldur er hluti af tjónum tímabilsins. Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingarskuldur eru 280 milljónir og eru sérgreindar. Rekstarniðurstaða breytist ekki þar sem um er að ræða tilfærslu á milli liða í rekstrarreikningi. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á samanburðartölur fyrir 2019 í efnahagsreikningi, eiginfjárfirliti eða sjóðsstreymi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins www.vis.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com

Árshlutareikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundi þann 22. október 2020.

Nýir reikningsskilastaðlar

Engir nýir reikningsstaðlar hafa verið innleiddir á árinu 2020.

Samstæðan hefur frestað upptöku IFRS 9 Fjármálagæringar til 2023 og mun taka hann upp samhliða upptöku IFRS 17 Vátryggingasamningar.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir sjá skýringu nr. 10
- vátryggingaskuld sjá skýringu nr. 13

5. Starfsþáttagreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2020 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins	15.819.752	1.113.937	0	16.933.689
Hluti endurtryggienda í iðgjaldatekjum	(340.314)	(206.451)	0	(546.765)
Fjárfestingatekjur	92.751	7.609	2.459.955	2.560.315
Aðrar tekjur	45.929	0	0	45.929
Heildartekjur	15.618.119	915.094	2.459.955	18.993.167
Tjón tímabilsins	(13.867.319)	(398.726)	0	(14.266.045)
Hluti endurtryggienda í tjónum	57.961	121.121	0	179.082
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar váttryggingaskuldar	0	0	(732.555)	(732.555)
Rekstrarkostnaður	(3.404.537)	(251.795)	(310.493)	(3.966.823)
Vaxtagjöld	0	0	(213.206)	(213.206)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	0	0	(80.791)	(80.791)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	(1.595.777)	385.695	1.122.910	(87.172)
Tekjuskattur				72.574
Tap tímabilsins				(14.598)

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 290 milljónir króna og í fjármálarekstri 2 milljónir króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 391 milljón króna.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2019 var eftirfarandi: *

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins	16.213.143	1.061.226	0	17.274.369
Hluti endurtryggienda í iðgjaldatekjum	(431.256)	(198.107)	0	(629.363)
Fjárfestingatekjur	701.183	26.665	1.835.502	2.563.350
Aðrar tekjur	72.397	0	0	72.397
Heildartekjur	16.555.467	889.784	1.835.502	19.280.753
Tjón tímabilsins	(12.168.958)	(646.070)	0	(12.815.028)
Hluti endurtryggienda í tjónum	229.499	196.665	0	426.164
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar váttryggingaskuldar	0	0	(279.739)	(279.739)
Rekstrarkostnaður	(3.556.398)	(266.080)	(434.778)	(4.257.256)
Vaxtagjöld	0	0	(198.282)	(198.282)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	0	0	(69.238)	(69.238)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	1.059.611	174.300	853.465	2.087.376
Tekjuskattur				(289.141)
Hagnaður tímabilsins				1.798.235

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 224 milljónir króna og í fjármálarekstri 1 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 409 milljónir króna.

* Framsetningu hefur verið breytt frá árschlutauppgjöri 1. janúar - 30. september 2019, sjá nánar í skýringu 2.

Skýringar

6. Eigin iðgjöld

	9M 2020	9M 2019 *
Bókfærð iðgjöld	18.408.410	19.492.131
Hluti endurtryggjenda	(695.390)	(762.785)
Breyting á iðgjaldaskuld	(1.474.721)	(2.217.762)
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	148.625	133.422
Eigin iðgjöld.....	<u>16.386.924</u>	<u>16.645.006</u>

* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 2.

7. Fjárfestingatekjur

	9M 2020	9M 2019
Vaxtatekjur af bankareikningum	9.883	24.062
Aðrar vaxtatekjur	<u>430.373</u>	<u>480.579</u>
Fjármunatekjur.....	<u>447.857</u>	<u>505.220</u>
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa	(287.010)	578.617
Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna	<u>2.061.219</u>	<u>1.362.192</u>
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	<u>1.774.209</u>	<u>1.940.809</u>

Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 77 (9M 2019: 687) milljóna króna arður af hlutabréfaeign.

8. Eigin tjón

	9M 2020	9M 2019 *
Bókfærð tjón	12.865.049	12.645.152
Hluti endurtryggjenda	(426.018)	(230.083)
Breyting á tjónaskuld	1.400.996	169.876
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	246.937	(196.081)
Eigin tjón.....	<u>14.086.963</u>	<u>12.388.864</u>

* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 2.

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn.

Virkt skatthlutfall:

	1. janúar - 30. september 2020		1. janúar - 30. september 2019	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(87.172)		2.087.376	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	(17.434)	20,0%	417.475	20,0%
Ófrádráttarbær kostnaður	5	0,0%	9	0,0%
Fenginn arður	(15.326)	17,6%	(137.409)	-6,6%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	(42.076)	48,3%	21.686	1,0%
Aðrar breytingar	2.257	-2,6%	0	0,0%
Hlutdeild í afkomu óskattskyldra félaga	0	0,0%	(12.621)	-0,6%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>(72.574)</u>	<u>83,3%</u>	<u>289.140</u>	<u>13,9%</u>

10. Fjárfestingaverðbréf

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:	30.9.2020	31.12.2019
Eignarhlutar í öðrum félögum		
Skráð í kauphöll	7.794.325	6.696.911
Önnur félög	3.161.677	2.948.619
	<u>10.956.002</u>	<u>9.645.530</u>
Önnur verðbréf		
Ríkistryggð, verðtryggð	790.317	778.540
Ríkistryggð, óverðtryggð	4.619.211	5.289.207
Önnur skuldabréf	13.714.567	9.220.884
Skuldabréfasjóðir	4.653.873	4.913.143
Fagfjárfestasjóðir	2.854.793	2.491.107
	<u>26.632.762</u>	<u>22.692.881</u>
Fjáreignir á gangvirði samtals	<u>37.588.763</u>	<u>32.338.411</u>
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur greinast þannig:		
Lán með veði í fasteignum	1.274.115	1.843.088
Fjárfestingaverðbréf	<u>38.862.879</u>	<u>34.181.499</u>

11. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: Gangvirðið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

Stig 2: Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stigi 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kauptilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

Stig 3: Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

Samstæða

30. september 2020	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	27.955.910	1.668.293	7.964.560	37.588.763

Samstæða

31. desember 2019	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	23.574.932	1.685.917	7.077.562	32.338.411

Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi:

	9M 2020	9M 2019
Staða 1.1.	7.077.248	6.254.264
Keypt	2.252.985	2.085.687
Selt/afborganir	(793.654)	(979.527)
Flutt á stig 1	(676.727)	(150.000)
Vextir, matsbreyting	104.708	(10.799)
Staða 30.9.	<u>7.964.560</u>	<u>7.199.625</u>

Skýringar

12. Víkjandi skuldabréf

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárfætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum upp í 6,25% 10 árum eftir útgáfu.

13. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld er ákvörðuð sem besta mat samkvæmt ákvæðum Solvency II löggjafarinnar.

	30.9.2020	31.12.2019
Vátryggingaskuld (heild):		
Iðgjaldaskuld	9.546.726	8.051.593
Tjónaskuld	20.673.729	18.602.906
Áhættuálag	964.522	922.205
Vátryggingaskuld samtals	<u>31.184.977</u>	<u>27.576.704</u>
Hlutdeild endurtryggjenda:		
Iðgjaldaskuld	288.624	140.038
Tjónaskuld	679.281	926.217
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	<u>967.904</u>	<u>1.066.255</u>
Vátryggingaskuld í eigin hlut:		
Iðgjaldaskuld	9.258.102	7.911.555
Tjónaskuld	19.994.448	17.676.689
Áhættuálag	964.522	922.205
Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals	<u>30.217.072</u>	<u>26.510.449</u>

Tjónaskuld er reiknað besta mat félagsins samkvæmt Solvency II löggjöfinni á fjárhæð óuppgerðra tjónsatburða á uppgjörssdegi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörssdegi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörssdegi.

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

	1.1.-30.9.2020		30.9.2020	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn	20.114	9.585	476.477	0
	1.1.-30.9.2019		31.12.2019	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn	25.133	43.621	362.819	0

15. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningnum.

16. Lykilhlutföll

	9M 2020	9M 2019 *
Tjónahlutfall	84,3%	74,2%
Eigið tjónahlutfall	86,0%	74,4%
Rekstrarkostnaðarlutfall	21,6%	22,2%
Endurtrygginga kostnaðarlutfall	2,1%	1,1%
Samsett hlutfall	108,0%	97,5%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	1,64	1,56

* Samanburðarkennitölum fyrir árið 2019 hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 2.

17. Ársfjórðungafirlit

	3F 2020	2F 2020	1F 2020 *	4F 2019 *	3F 2019 *
Iðgjöld tímabilsins	5.735.362	5.640.751	5.557.575	6.076.547	6.084.854
Eigin iðgjöld	5.586.502	5.430.086	5.370.336	5.908.755	5.846.894
Fjárfestingatekjur	1.109.986	1.612.382	(162.055)	987.398	(237.128)
Aðrar tekjur	19.114	11.688	15.128	24.606	33.041
Heildartekjur	6.715.602	7.054.156	5.223.409	6.920.759	5.642.807
Tjón tímabilsins	(4.228.098)	(4.406.585)	(5.631.361)	(4.761.386)	(4.847.630)
Eigin tjón	(4.193.640)	(4.316.428)	(5.576.894)	(4.618.961)	(4.550.450)
Tæknilegar vaxta og gengisbr vátryggingask.	(83.298)	(226.671)	(422.586)	(124.941)	(17.232)
Rekstrarkostnaður	(1.175.550)	(1.416.754)	(1.374.520)	(1.269.121)	(1.422.135)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld	(111.251)	(97.527)	(85.221)	(93.012)	(72.651)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatta	1.151.863	996.776	(2.235.811)	814.724	(419.661)
Tekjuskattar	(119.673)	(35.763)	273.280	(85.709)	26.011
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins	1.032.190	961.013	(1.962.531)	729.015	(393.650)
Tjónahlutfall	73,7%	78,1%	101,3%	78,4%	79,7%
Eigið tjónahlutfall	75,1%	79,5%	103,8%	78,2%	77,8%
Rekstrarkostnaðarlutfall	18,8%	23,3%	22,9%	18,6%	21,1%
Endurtryggingakostnaðarlutfall	2,0%	2,1%	2,3%	0,4%	-1,0%
Samsett hlutfall	94,5%	103,5%	126,5%	97,4%	99,7%

* Samanburðarfjárhæðum fyrir árið hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 2.